

Alþingi  
Erindi nr. P 132/232  
komudagur 29.11.2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Rvk. 28.11.2005

**Efni: Frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál, 221. mál.**

Þetta er sameiginleg umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um frumvarp þetta sem flutt er til innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins 2003/4/EB.

Mikilvægt er það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þar sem fjallað er um 3. tl. 2. gr. að fyrirtæki í samkeppnisrekstri teljast ekki til opinberra aðila í skilningi laganna. Um þetta er skýrt kveðið á í norskum lögum um sambærilegt efni og kemur einnig fram í leiðbeiningum danska umhverfisráðuneytisins með lögnum þar í landi. Æskilegt er að kveðið sé skýrar á um þetta en nú er í frumvarpinu.

Um langa hríð hafa fyrirtæki látið umhverfisyfirvöldum í té allar upplýsingar um reksturinn sem óskað hefur verið eftir og jafnvel enn frekari í þeirri trú að milli viðkomandi yfirvalds og fyrirtækis gildi almennt trúnaðarsamband eins og kveðið hefur verið á um í lögum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að það kerfi starfsleyfa sem byggt hefur verið upp hér á landi er mun víðtækara en í nálægum löndum. Umhverfisyfirvöld búa því almennt yfir mun ríkari upplýsingum um starfsemi fyrirtækja, framleiðslumál þeirra og ýmis viðskiptamál en í nálægum löndum. Samkvæmt frumvarpinu er þessu almenna trúnaðarsambandi rutt burtu án þess að tryggt sé að fyrirtækin hafi nokkuð um það að segja hvort tiltekna upplýsingar sem fyrirhugað er að gera opinberar verði framleiðslu- eða viðskiptaleynd. Þess vegna er mjög mikilvægt að stjórnvöldum verði gert að leita áhlits þess sem upplýsingarnar varða áður en upplýsingarnar eru veittar og að orðalagi 2. mgr. 6 gr. verði breytt með þetta í huga og að það verði skylda stjórnvalda að leita slíks samþykkis ef ástæða er til að ætla að upplýsingarnar geti varðað viðkvæm framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmál og að fresturinn sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði lengri en 7 dagar. Það er óviðunandi að fyrirtæki verði að sæta því að samkeppnisaðilar geti átt aðgang að viðkvæmum framleiðslu- og viðskiptahagsmunum undir því yfirskeyni að um upplýsingar um umhverfismál sé að ræða.

Eins má hafa í huga það sem fram kemur í frumvarpinu og greinargerð að stjórnvald getur alltaf metið það hvort upplýsingar sem veittar eru um það sjálft verði viðskiptahagsmuni sem leynt skuli fara. Mikilvægt er að ekki skapist mismunur milli opinberra fyrirtækja og einkaaðila að þessu leyti. Í þessu sambandi er vísað til umfjöllunar um 6. gr. í greinargerð með frumvarpinu.

Orðið hefur meinleg þýðingavilla í 4.tl. 1.mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem talað er um “mengun matvæla”. Í íslensku útgáfunni af tilskipuninni sjálfri er talað um “mengun í matvælaferlinu” en í ensku útgáfunni er talað um “contamination of the food chain”. “Food chain” er almennt þýtt sem fæðukeðja og skilgreiningu á henni má finna á umvef umhverfisráðuneytisins en þar segir: “Fæðukeðja: Tilfærsla næringarorku milli lífvera frá einu fæðubæði til annars myndar fæðukeðju, en mengi þeirra má líkja við pýramída” og eins er hægt að lesa sér nánar til um fæðukeðju á vísindavef Háskóla Íslands. Í tilskipuninni er þannig verið að tala um mengun sem berst um í fæðukeðjunni og nær til mengunarefna í sjávardýrum svo dæmi sé nefnt. Mikilvægt er að þessi villa verði leiðrétt áður en frumvarpið verður að lögum.

Í upptalningu á lögum í fylgiskjali þar sem er að finna dæmi um sérákvæði laga um þagnarskyldu vantar tilfinnanlega ákvæði 21. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.


Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins



Pétur Reimarsson

Samtök iðnaðarins



Bryndís Skúladóttir